

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði | kr. 281,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils | kr. 475,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð. Gjaldalagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 32 400,00 fyrir hvert einbýlis-hús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimædagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. apríl 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 135, 30. mars 1989. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 167, 21. apríl 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.